

# Rafrænn persónuafsláttur

Á þjónustuvef ríkisskattstjóra er nú aðgengilegt fyrir launamenn yfirlit yfir staðgreiðslu og nýttan persónuafslátt, en birting þessara upplýsinga er liður í afnámi skattkorta. Launamaður nálgast upplýsingarnar með því að skrá sig inn með rafrænum skilríkjum eða veflykli og velja Almennt > Staðgreiðsluskrá RSK.

## Almennt

Engar breytingar eru á staðgreiðsluskilum, en taka verður upp nýtt verklag þegar starfsmaður vill breyta nýtingu persónuafsláttar og þegar nýr starfsmaður kemur til starfa. Launamaður upplýsir launagreiðanda um hvort nýta eigi persónuafslátt við útreikning staðgreiðslu og þá hversu hátt hlutfall. Eigi launamaður uppsafnaðan persónuafslátt eða vill nýta persónuafslátt maka upplýsir hann launagreiðanda um það. Mikilvægt er að launagreiðandi afmarki vel upphaf og lok á nýtingu persónuafsláttar og brýnt að vekja máls á mögulegri skörun í tíma á launagreiðslum og nýtingu persónuafsláttar hjá fyrri launagreiðanda.

## Laun frá fleiri en einum launagreiðanda

Þeir sem hafa laun frá fleiri en einum launagreiðanda verða að gæta þess að tilkynna rétt skattþrep til launagreiðenda við útreikning á staðgreiðslu. Fari laun á mánuði á árinu 2016 yfir kr. 336.035 hjá einum launagreiðanda þarf að reikna 38,35% staðgreiðslu af launum hjá öðrum launagreiðendum, eða eftir atvikum 46,25%.

## Staðfesting á nýttum persónuafslætti

Á þjónustusiðu RSK geta launamenn nálgast upplýsingar um staðgreiðslu sína og nýttan persónuafslátt. Sé launamaður samskattaður birtast honum einnig upplýsingar um nýttan persónuafslátt maka. Á þjónustusiðunni geta launamenn sótt yfirlit til að framvísa hjá launagreiðanda um stöðu sína og maka, ef það á við.

Launamanni á að vera ljóst að yfirfara þarf upplýsingar á þjónustusiðu sinni á skattur.is hvort skil frá launagreiðanda séu rétt. Launagreiðanda ber að skila launaupplýsingum í síðasta lagi á eindaga hvers tímabils. Ef upplýsingar eru ekki réttar ber launamanni að hafa samband við launagreiðanda og láta leiðrétta, gangi það ekki þá hefur launamaður samband við embætti ríkisskattstjóra. Ef upplýsingar á þjónustusiðu eru ekki réttar leiðir það til þess að útreikningur á persónuafslætti er ekki réttur.

## Úr 12 gr. laga nr. 45/1987 um staðgreiðslu opinberra gjalda

Launagreiðandi og launamaður bera sameiginlega ábyrgð á ráðstöfun persónuafsláttar launamannsins þar til launagreiðslum lýkur. Nú hefur launamaður starf með höndum hjá eða á vegum fleiri en eins launagreiðanda og ber launamanni þá að gera launagreiðendum sínum grein fyrir hlutfallslegri nýtingu persónuafsláttar hjá hverjum þeirra eftir því sem við á. Ríkisskattstjóra er heimilt að upplýsa launagreiðanda um nýtingu persónuafsláttar þeirra launamanna sem hjá honum starfa, þ.m.t. nýtingu á persónuafslætti maka launamannsins.

## Að halda utan um upplýsingar um persónuafslátt

Launagreiðandi heldur utan um upplýsingar um notkun persónuafsláttar sem hann fær frá launamönnum sínum með hverju því verklagi sem best hentar á hverjum vinnustað svo hægt sé að staðfesta að farið sé að óskum launamanns.

Sýnishorn af þjónustuvef, í þessu dæmi er ofnýting 25.607 kr.

**Rafrænn persónuafsláttur**

3. mars 2016 11:08:49 Tekjuár: 2016

Samkvæmt stöðu í staðgreiðsluskrá í dag, 3. mars 2016, virðist Árni Jónsson, kt. 070768-9999 hafa nýtt persónuafslátt að fjárhæð kr. 129.447 á tekjuárinu 2016. Þessi staða miðast við staðgreiðsluskil í 2. mánuði tekjuársins.

Sýna upplýsingar um maka

**Upplýsingar**

Hér er sýndur útreikningur á áætlaðri nýtingu persónuafsláttar. Launagreiðendur skila ekki upplýsingum um nýtingu persónuafsláttar og því er afslátturinn bakreiknaður út frá öðrum stærðum. Hafa ber það í huga þegar nákvæmni upplýsinga um ráðstöfunina er metin.